

Ed.

702. Nefndarálit

[201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta felur í sér tvö meginatriði. Í fyrsta lagi það að ákveða, að næsta átak í raforkumálum Suðvesturlands verði virkjun Þjórsár við Búrfell, og í annan stað eru svo ráðgerðar miklar breytingar á eignaraðild virkjana og á stjórn og tilhögun raforkumála.

Í sambandi við ákvörðunina um Búrfellsvirkjun er ekki skorið úr um það í frv., hverjir verði áfangar í þeim virkjunarframkvæmdum, en frv. heimilar fullvirkjun allt að 210 MW. uppsetts afls og veitir ábyrgðarheimildir, sem nægja mundu fyrir kostnaði við 105 MW. orkuver, en það er helmingur hugsanlegs uppsetts afls við Búrfell.

Vitað er, að miðað við orkuþörf raforkumarkaðs íslenskra aðila kemur sá áfangi fyrstur og einn til greina að virkja 70 MW. afl, ef Búrfell er valið sem virkjunarstaður. Stærri virkjun í fyrsta áfanga kæmi ekki til greina, nema til kæmu nýir stórnotendur raforku, og er þar vart aðra um að ræða en alúminíumhring þann, sem ríkisstjórnin stendur nú í samningaviðræðum við um byggingu alúminíumbræðslu við Hafnarfjörð. Því er þó lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ákvörðun um Búrfellsvirkjun sé algerlega óháð samningum um alúminíumverksmiðju.

Með tilliti til þessa verður ekki séð, hver ástæða er nú til frekari virkjunarheimilda en þeirra, sem fullnægjandi væru vegna þarfa Íslendinga sjálfra. Fari svo, að Alþingi taki síðar ákvörðun um samninga við erlenda aðila um orkusölu, er auðvitað fullnægjandi að veita þá jafnframt virkjunarheimildir í samræmi við þá samninga. Ákvæði frv. um miklu viðtækari heimildir en þörf er nú á miðað við forsendur eru að dómi undirritaðs til þess fallin að eyðileggja samningsaðstöðu við hinn erlenda auðhring, hafi samningar ekki þegar verið ákveðnir í öllum greinum, sem ótrúlegt verður að telja. Hafi ríkisstjórnin hins vegar þegar tekið ákvörðun um slíkan samning, ber henni hins vegar að leggja öll gögn á borðið og leita virkjunarheimilda á réttum forsendum.

Af þessum sökum leggur undirritaður til, að virkjunarheimild verði nú bundin við þá einu forsendu, sem nú er fyrir hendi, þarfir Íslendinga, þ. e. a. s. að heimildin verði til 70 MW. virkjunar.

Ýmsar samanburðartölur fylgja frv. þessu, sem ætlað er að sanna, að Búrfellsvirkjun og þá helzt samhliða orkusölu til alúminíumvinnslu sé hagstæðasta lausnin í orkumálum þjóðarinnar. En útreikningar þessir eru þó langt frá því að vera sannfærandi að öllu leyti, enda hafa þeir aðilar sumir, sem að þeim standa, gert sig

bera að mikilli ónákvæmni í fyrri útreikningum varðandi þessi mál og þó einkanalega að því að gefa sér rangar forsendur og reikna síðan út frá þeim. Enda þótt líklegt sé, að nýjustu samanburðarútreikningar séu nær sanni en sumir hinna fyrri, hafa ekki enn verið framkvæmdar undirbúningsrannsóknir, sem gert gætu fært að fullyrða, að svonefnd „smávirðjanaleið“ sé óhagstæðari en Búrfellsvirkjun, ef miðað er við þarfir Íslendinga einna, og raunar einnig, þótt miðað sé við alúminíumvinnslu. Er hér fyrst og fremst um að ræða hugsanlegan kostnað við framkvæmdir, sem óhjákvæmilegar eru vegna ísskriðs og ismyndunar í Þjórsá, svo og kostnað vegna rennslistruflana, sem geta stöðvað að fullu raforkuframleiðslu virkjunarinnar, ef ekki koma til þegar frá byrjun framkvæmdir, sem kosta mundu verulegt fjármagn. Hver áhrif þetta kann að hafa á hagkvæmni Búrfellsvirkjunar, má marka af því, að ef kostnaður þessara framkvæmda yrði um 160—170 millj. kr., væri „smávirðjanaleiðin“ orðin hagstæðari.

Að svo komnu verður því að telja ósannað, hvor þeirra leiða, sem til greina koma um virkjanir í næstu framtíð, sé hagkvæmari. Með tilliti til þessa þykir undirrituðum rétt að binda ekki framkvæmdaheimildir við Búrfellsvirkjun eina, heldur nái þær einnig til annarra virkjana, sem til greina koma, ef frekari nauðsynlegar athuganir sýna yfirburði þeirra hvað hagkvæmni snertir.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði stórbreytingar á stjórn og framkvæmd raforkumála þjóðarinnar. Stofnað er til svokallaðrar Landsvirkjunar, sem ætlað er að byggja og starfrækja orkuver fyrir meginhlutann af raforkumarkaði þjóðarinnar og sjá um áætlanagerðir og framkvæmdir, er að þessu lúta í framtíðinni. Reykjavíkurborg er ætlaður helmings eignarhlutur í þessu nýja fyrirtæki og algerlega jafnmikið vald og ríkinu um stjórn þess alla. Með þessu nýja fyrirkomulagi er hin mikilvægasta yfirstjórn orkumálanna raunverulega tekin af Alþingi og ríkisstjórn að verulegu leyti. Hlýtur þessi skipan að teljast harla óeðlileg og jafnvel hættuleg. Alveg sérstaklega er þessi skipan fráleit, ef eitt helzta viðfangsefni þessa fyrirtækis verður orkusala til erlendra aðila, en það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar, að svo verði.

Loks er með 11. gr. frv. tekin upp algerlega ný stefna um verðlagningu raforku og stefnt að því, að notendum, þ. e. a. s. innlendum notendum, verði gert að greiða það hátt raforkuverð, að ekki aðeins svari til nauðsynlegs kostnaðar hvernir virkjunar, sem byggð verður, heldur einnig til þess að byggja upp ný orkuver í framtíðinni. Upplýst er, að fyrirhugað er, að heildsöluverð verði allt að þrefalt kostnaðarverð og að á næstu tveim áratugum verði þannig safnað upp nettóhagnaði upp á 1500—2000 millj. kr. Erlendum kaupendum, þ. e. a. s. alúminíumhringnum, eru hins vegar ætluð þau kjör að fá orkuna undir kostnaðarverði, ef af fyrirhuguðum samningum verður.

Af framangreindu leiðir, að undirritaður vill ekki standa að frv., eins og það nú liggur fyrir, og mun flytja breytingartill. við það í samræmi við þær skoðanir, sem hér koma fram. Með þeim breytingum mælir hann með samþykkt frv.

Alþingi, 7. maí 1965.

Björn Jónsson.